

# Heimahjúkrunarumsjón

## Ýmsar breytingar

### Saga 2020.1

#### Dagskrá starfsfólks

##### Sýna heimilisfang

Nú er hægt að sjá heimilisföng og póstnúmer einstaklinga í Dagskrá starfsfólks og Stundaskrár teyma með því að haka við „Sýna heimilisfang“ hægra megin við fellilistann „Dagar“. Ef annað aðsetur er skráð á einstakling í skjólstæðingaflípanum þá er það heimilisfang birt í staðinn.

##### Útprintun á Dagskrá starfsfólks

Nú eru tengsl aðstandanda við einstakling, sem á að fara í vitjun til, prentuð á útprintaða dagskrá starfsmanns. Einnig eru allir aðstandendur prentaðir út, ekki eingöngu sá nánasti eins og áður var.

#### Yfirlit tímabókana

##### Stundaskrárfærslur - Annað

Nú birtast þær stundaskrárfærslur sem merktar voru sem „Annað“ í Yfirliti tímabókana (flippinn „Skjólstæðingur“) í Heimahjúkrunarumsjón. Í flípa fyrir skjólstæðing eru þetta tímabókanir hans sem birtast. Í flípa fyrir Teymi birtast þessar færslur fyrir þá einstaklinga sem skráðir eru í umsjón þessa teymis.

### Til minnis

Nú er hægt að skoða það sem skráð hefur verið „Til minnis“ fyrir skjólstæðing í flípanum „Skjólstæðingur“ í Yfirliti tímabókana. Gögnin sem birtast eru þau sömu og sjást í samnefndu svæði í meðferðareiningu.

The screenshot shows the Origo interface with a sidebar titled "Til minnis" (Reminders). The sidebar contains the following items:

- Birta lokin minnisatriði
- endurtekið f.h. mið.
- annað stakt 06.12.2017
- endurtekið kvöld mið.
- Til minnis í meðferðareiningu bla 07.11.2019
- Skipta um þvaglegg 26.12.2019

### Uppfæra tímabókun – notandi ekki lengur í teymi

Nú er hægt að breyta tímabókun sem hefur verið gerð fyrir teymi og notanda og notandinn síðan tekinn úr teyminu. Birt eru skilaboð, neðst í glugganum, um að notandinn sé ekki lengur í teyminu. Velja þarf nýjan notanda fyrir tímabókunina, annað hvort úr sama teymi eða öðru.


The screenshot shows a modal dialog box titled "Uppfæra tímabókun" (Update time entry). The dialog contains the following information:

- Skjólstæðingur: [Redacted]
- Stundaskrárfærsla: Lýsing: testvitjun  
Tími: Mánudagur 10:00 - 11:00  
Teymi: Ástuteymi  
Áætlun: Plan 2 - Sjúkraliði 1/2
- Dagur: mánudagur, 20. apríl 2020
- Tími frá: 10:00 til 11:00 Lengd: 60 mín.
- Sýna allt starfsfólk:
- Teymi: [Redacted]
- Starfsmaður: Veldu starfsmann tímabókunar
- Títtill: testvitjun

At the bottom of the dialog, there is a red message box that says "Starfsmaður er ekki lengur í teymi" (User is no longer in the team).

### Viðmótsbreytingar – skipuleggja tímabókanir


Nú er „Bóka á“ fellilistinn tómur þegar glugginn er opnaður og þegar skipt er um teymi. Nú eru óbókaðar stundaskrárfærslur sjálfgefið afhakaðar. Hægt er að nota „Velja allar“ hakið til að velja og afvelja allar óbókaðar stundaskrárfærslur.



### Stundaskrár teyma

#### Velja fleiri en einn dag í einu


Nú er hægt að velja fleiri en einn dag í einu þegar stundaskrár teyma eru athugaðar. Í fellilistanum „Dagar“ er hægt að velja hvaða vikudaga á að sýna og einnig alla vikuna með því að haka við „Velja allt“.



#### Velja sem kerfissjúkling

Nú er hægt að hægrismella á færslur í „Stundaskrár teyma“ flípanum í Heimhjúkrunarumsjón og velja einstakling í færslu sem valinn einstakling í Sögu. Einnig

er hægt að ýta á CTRL+W til að gera það. Þessi virkni er sambærileg og í t.d. „Dagskrá starfsfólks“ flípanum.



### Ný stundaskrárfærsla

Nú er ekki lengur hægt að skrá athugasemdir fyrir stundaskrárfærslur og lýsingar fyrir tímabókunir.

**Ný stundaskrárfærsla** ✕

Lýsing

Teymi


Áætlun

Dagur

Tími frá  til  Lengd: 0 mín.


### Sýna heimilisfang

Nú er hægt að sjá heimilisföng og póstnúmer einstaklinga í Dagskrá starfsfólks og Stundaskrár teyma með því að haka við Sýna heimilisfang hægra megin við fellilistann „Dagar“. Ef annað aðsetur er skráð á einstakling í skjólstæðingaflípanum þá er það heimilisfang birt í staðinn.



## Ógilda stundaskrárfærslu

Ef notandi velur að ógilda stundaskrárfærslu með ófrágengnum tímabókunum, þ.e. ekki tengdum við vitjun, þá eru tímabókanirnar einnig gerðar ógildar.



## Skjólstæðingar

### Skjólstæðingalisti – fjöldi á lista og fjöldi stundaskrárfærslna


Nú sýnir skjólstæðingalistinn í Heimahjúkrunarumsjón alla þá einstaklinga sem eru innritaðir á þá deild sem notandi er skráður inn á. Ef einstaklingur er lagður inn á deildina í legum þá bætist hann við á listanum. Ef einstaklingur er útskrifaður af deildinni í legum þá fer hann af listanum. Sami listi er sýndur í fellilistunum í Yfirlit tímabókana, Skjólstæðingar, Dagskrá starfsfólks og Skrá staka tímabókun.

Nú er fjöldi stundaskrárfærslna skjólstæðings birt í skjólstæðingaflipanum í heimahjúkrunarumsjón.

Nafn	Kennitala	Ábyrgt teymi	Stundaskrárfærslu	Aðkoma að heimili	Athugasemdir
Teymi D		Teymi D	8		
Berglind Ósk Teymi		Ástuteymi	42	Inngangur á bakhlöð húss	***
Ástuteymi		Teymi D	12	neðri hæð hæ. megin	Hér eru athugasemdir
Teymi D		Berglind Ósk Teymi	7		
Berglind Ósk Teymi		00 Teymi K	21		
00 Teymi K		Teymi FF	5	Aðkoma að heimili	Athugasemdir undir aðkom...
Teymi FF		Berghólar	18		
Berghólar		Berglind Ósk Teymi	6	2.hæð	sér illa
Berglind Ósk Teymi		Smásaga - teymi	14	Brattur stigi niður í kjallara, oft hálka í h...	Hún er hress þjá og nokku...
Smásaga - teymi		Smásaga - teymi	4	Íbúð 13 en passa sig á klakanum sem er...	Lykill undir mottu hægra...
Smásaga - teymi		Teymi AB	22		
Teymi AB		Smásaga - teymi	1	>Lorem ipsum	
Smásaga - teymi		Berglind Ósk Teymi	13	tröppur að framanverðu	
Berglind Ósk Teymi		Berglind Ósk Teymi	21		
Berglind Ósk Teymi		Teymi ÓA	22		Skráður 16:10.
Teymi ÓA		Teymi ÓA	10	Erfið aðkoma, eingöngu sjóleiðis	**
Teymi ÓA		Ástuteymi	3		Elín er mikið heymaskert.
Ástuteymi		Berglind Ósk Teymi	23	Gengið inn bakdyrarnum	Lykill á nagla í fuglahúsi
Berglind Ósk Teymi		Berglind Ósk Teymi	14	tröppur að framanverðu	heyrið illa
Berglind Ósk Teymi		Teymi D	14		*x*
Teymi D		Teymi ÓA	1		*
Teymi ÓA		Teymi ÓA	1		ÓA 15:48
Teymi ÓA		Teymi D	2		
Teymi D		Teymi B - Austurbær	7		
Teymi B - Austurbær			20	Undirbúnaði á næstum áttakvæði tennd...	Gannaði þratt um óleðningar...


### Leit

Nú er einungis leitað í dálkum með nöfnum og kennitölum skjólstæðinga í stað þess að leita í öllum dálkum töflu þegar skrifað er í leitargluggann.




### Aðstandendur

Nú sjást símanúmer aðstandenda í glugganum „Skrá/Uppfæra skjólstæðing“ ef þau hafa verið skráð í „Aðstandendur“ glugganum sem er aðgengilegur í mörgum einingum í Sögu.



### Heimilisföng skjólstæðinga birtast við skráningu nýrra stundaskrárfærslna

Nú birtir listinn, sem er sýndur hægra megin í „Ný stundaskrárfærsla“-glugganum, heimilisfang skjólstæðinga og póstnúmer fyrir aftan nafn þeirra.



## Teymi

Viðmót gluggans „Uppfæra/Nýskrá teymi“ hefur verið uppfært. Þegar bæta á áætlun við teymi er smelt á græna plúsinn fyrir ofan töfluna og þá opnast gluggi þar sem hægt er að skrá nafn áætlunar. Einnig er nú hægt að breyta nafni áætlunar sem er nú þegar skráð á teymi með því að ýta á penna í línu viðkomandi áætlunar.

Þegar smelt er á „Ný áætlun“:

Þegar valið er að „Breyta“ áætlun:

### Sýnileiki einstaklinga milli stofnana

Villa var löguð þannig að nú sjást einstaklingar í heimahjúkrun ekki lengur milli stofnana sem eru í sama gagnagrunni.

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir